

Fiskeldi Eyjafjarðar hf.

**Ársreikningur samstæðunnar
2003**

Fiskeldi Eyjafjarðar hf.
Glerárgötu 34
600 Akureyri

690787-1139

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	2	Efnahagsreikningur	5
Áritun endurskoðenda	3	Yfirlit um sjóðstreymi	7
Rekstrarreikningur	4	Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Félagið er fjárfestingar- og eignarhaldsfélag um félög og fyrirtæki sem stunda fiskeldi og tengda starfsemi. Ársreikningur Fiskeldis Eyjafjarðar hf. fyrir árið 2003 hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fiskey ehf, þar sem eignarhlutur er 100%. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leyti en því að ekki er lengur tekið tillit til áhrifa verðlagsbreytinga á reikningsskilin. Eignir eru ekki lengur endurmetnar og ekki eru lengur færðar reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga í rekstrarreikningi félagsins. Ef beitt hefði verið sömu reikningsskilaaðferð og árið áður hefði tap ársins orðið 3,2 millj. kr. lægra og eigið fé félagsins 6,5 millj. kr. hærra. Þessi breyting er í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001.

Rekstrartekjur félagsins námu 277,2 millj. kr. á árinu samkvæmt rekstrarreikningi og rekstrartap félagsins nam 167,3 millj. kr. Eignir félagsins námu 646,0 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé í árslok nam 440,3 millj. kr.

Hlutfé félagsins nam 845,4 millj. kr. í árslok og var aukið um 317,9 millj. kr. á árinu með sölu nýrra hluta. Þá keypti félagið eigin bréf að nafnverði 2,7 millj. kr. á árinu. Stjórn félagsins hefur heimild til aukningar hlutfjár í allt að 1.300,0 millj. kr. samkvæmt samþykkt hluthafafundar 28. febrúar 2002. Í árslok voru hluthafar 154 eða átta fleiri en í ársbyrjun. Þrír hluthafar áttu yfir 10,0% eignarhlut í félaginu, Hafrannsóknarstofnunin 25,9%, Samherji hf. 16,8% og Útgerðarfélag Akureyringa hf. 15,3%.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa á árinu 2004 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og framkvæmdastjóri Fiskeldis Eyjafjarðar hf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2003 með undirritun sinni.

Akureyri, 29. mars 2004.

Jón Hallur Pétursson

Úlfar Steindórsson

Finnbogi Jónsson

Gunnar Karl Guðmundsson

Þorsteinn Vilhelmsson

Framkvæmdastjóri:

Birgir Karl Knútsson

Áritun endurskoðenda

Stjórn og hluthafar Fiskeldis Eyjafjarðar hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning Fiskeldis Eyjafjarðar hf. fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrareikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 29. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2003, efnahag þess 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Akureyri, 29. mars 2004.

Arnar Árnason

KPMG Endurskoðun Akureyri hf.

Rekstrarreikningur árið 2003

	Skýr.	2003	2002
Rekstrartekjur:			
Sala á eldisfiski og seiðum		269.657.217	204.078.875
Rannsóknarstyrkir		2.297.623	2.745.962
Aðrar tekjur		5.223.668	2.475.093
	3	277.178.508	209.299.930
Rekstrargjöld:			
Útflutningskostnaður		26.289.888	17.420.804
Fóðurkostnaður		54.751.967	39.119.697
Laun og launatengd gjöld	13	99.401.956	100.366.038
Annar rekstrarkostnaður		67.947.930	73.402.035
Birgðabreyting		7.947.504	(14.707.772)
		256.339.245	215.600.802
Hagnaður (tap) án afskrifta og fjármagnskostnaðar		20.839.263	(6.300.872)
Afskriftir	7,18	(35.089.191)	(60.750.233)
Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		(14.249.928)	(67.051.105)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur		2.288.239	602.121
Vaxtagjöld og verðbætur		(17.208.927)	(23.495.908)
Gengismunur		14.190.448	26.685.645
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga	12	0	1.932.371
		(730.240)	5.724.229
Tap án áhrifa hlutdeildarfélags		(14.980.168)	(61.326.876)
Áhrif hlutdeildarféлага	22,23	(152.330.323)	(39.520.600)
		(152.330.323)	(39.520.600)
Tap ársins	25	(167.310.491)	(100.847.476)
Hagnaðarhlutur:			
Tap á hverja krónu hlutafjár	4	(0,22)	(0,20)

31. desember 2003

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2003	2002
Eigið fé:			
Hlutfé	24	845.357.537	530.166.945
Ójafnað tap		(405.044.926)	(255.390.297)
	Eigið fé	<u>440.312.611</u>	<u>274.776.648</u>
Langtímaskuldir:			
Skuldabréfalán	27	<u>147.279.101</u>	<u>82.633.430</u>
Skammtímaskuldir:			
Skuldir við lánastofnanir		0	126.973.970
Lán með breytirétti í hlutabréf		0	166.905.147
Viðskiptaskuldir		16.124.556	40.156.584
Næsta árs afborganir langtímaskulda	28	31.451.377	18.019.072
Skattar ársins		559.538	0
Aðrar skammtímaskuldir		10.289.103	9.673.347
		<u>58.424.574</u>	<u>361.728.120</u>
	Skuldir samtals	205.703.675	444.361.550
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>646.016.286</u></u>	<u><u>719.138.198</u></u>
Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar 19-20,26			

Yfirlit um sjóðstreymi árið 2003

	Skýr.	2003	2002
Rekstrarhreyfingar:			
Tap ársins		(167.310.491)	(100.847.476)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluþap eigna		0	42.613
Afskriftir	18	35.089.191	60.750.233
Gengismunur af langtímaskuldum		3.851.291	(15.326.071)
Gengismunur af langtímakröfum		(3.492.211)	0
Reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga		0	(1.932.371)
Áhrif hlutdeildarfélaganna	22,23	152.330.323	39.520.600
		<u>20.468.103</u>	<u>(17.792.472)</u>
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		29.047.425	(63.549.042)
		<u>49.515.528</u>	<u>(81.341.514)</u>
Fjárfestingarhreyfingar:			
Fjárfesting í óefnislegum eignum		0	(50.000.000)
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	17	(46.620.124)	(52.987.541)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna		0	2.130.657
Fjárfesting í hlutdeildarfélögum		(125.000)	(3.629.428)
Söluverð eignarhluta í hlutdeildarfélagi		0	11.048.644
Birgðir af eldisfiski	6	(4.621.860)	26.524.708
Langtímakröfur, hækkun		(71.856.807)	(31.455.169)
Aðrar skammtímakröfur, lækkun		19.404.337	10.060.549
		<u>(103.819.454)</u>	<u>(88.307.580)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:			
Selt hlutafé	25	156.814.891	40.000.000
Keypt eigin hlutabréf	25	(2.637.181)	0
Tekin ný langtímalán		100.000.000	7.386.959
Afborganir langtímalána		(25.773.315)	(14.062.262)
Skammtímalán, (lækkun) hækkun		(136.973.970)	140.029.390
		<u>91.430.425</u>	<u>173.354.087</u>
Hækkun á handbæru fé		<u>37.126.499</u>	<u>3.704.993</u>
Handbært fé í ársbyrjun		<u>8.984.802</u>	<u>5.279.809</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>46.111.301</u></u>	<u><u>8.984.802</u></u>
Fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Selt hlutafé		166.905.147	
Skuldabréf með breytirétti, lækkun		(166.905.147)	

Skýringar

Reikningsskilaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leyti en því sem fram kemur í skýringu 12 um breytingar á reikningsskilaaðferðum. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fiskey ehf.

Dótturfélag er félag þar sem félagið fer með yfirráð. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur. Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra er felldur út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélög eru þau félög þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en hefur ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélaga frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærri en bókfært verð hlutdeildarfélags er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

Erlendir gjaldmiðlar

2. Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsárs. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Innlausn tekna

3. Tekjur félagsins eru færðar í rekstrarreikning á grundvelli sölusamninga og miðast innlausn tekna við afhendingu varanna.

Hagnaðarhlutur

4. Hagnaðarhlutur er hlutfall hagnaðar (taps) og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver hagnaðurinn (tapið), er á hverja krónu hlutafjár. Heildartap á árinu nemur 167,3 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 746,2 millj. kr.

Óefnislegar eignir

5. Keyptur nýtingarréttur sjómeðhöndlunarbúnaðar og fóðurblöndu er eignfærður undir liðnum óefnislegar eignir. Gjaldfærsla óefnislegra eigna er reiknuð sem fastur árlegur hundraðshluti og er hún gjaldfærð með afskriftum í rekstrarreikningi.

Birgðir

6. Birgðir af eldisfiski og seiðum eru metnar á meðalframleiðslukostnaðarverði eða áætluðu dagverði, hvoru sem lægra reynist. Eldisfiskur sem ekki er áætlað að seldur verði á næsta ári er færður undir liðnum langtímakostnaður í efnahagsreikningi en seiði og eldisfiskur sem seldur verður á næsta ári er færður meðal veltufjármuna. Félagið hefur tryggt eldis- og klakfisk félagsins, þar á meðal vegna sjúkdóma.

Varanlegir rekstrarfjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Mannvirki	33 ár
Vélar, áhöld og tæki	3 - 9 ár
Bifreiðar og farartæki	7 ár

Skýringar frh.:

Dótturfélög

8. Eignarhlutur í dótturfélögi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu verði þess.

Hlutdeildarfélög

9. Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra, sbr. þó skýringu 22.

Kaupréttarsamningar

10. Kaupréttarsamningar gera starfsmönnum félagsins kleift að eignast hlutabréf í því. Kaupverð jafngildir markaðsverði hlutabréfanna á sammingsdegi. Kostnaður félagsins er metinn sem mismunur kaupréttargengis og markaðsverðs hlutabréfanna á uppgjorsdegi, að teknu tilliti til áunninna réttinda starfsmanna, og er hann gjaldfærður með launum og launatengdum gjöldum í rekstrarreikningi.

Alþjóðleg reikningsskil

11. Félagið mun í samræmi við reglur um birtingu ársreikninga skráðra félaga í Kauphöll Íslands breyta reikningsskilum sínum til samræmis við alþjóðlegar reglur um gerð samstæðureikningsskila frá og með árinu 2005. Félagið mun á næstunni hefja undirbúning að þessum breytingum. Ekki liggur fyrir hversu mikil áhrif þær kunna að hafa á bókfært eigið fé félagsins.

Niðurfelling verðleiðréttra reikningsskila

12. Félagið hefur hætt að verðleiðrétta ársreikninginn og er það gert í samræmi við lög sem samþykkt voru á Alþingi í lok árs 2001. Eignir sem áður voru endurmetnar miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs, það er óefnislegar eignir, rekstrarfjármunir og eignarhlutir í öðrum félögum, eru nú færðar á kostnaðarverði. Afskriftir eru reiknaðar af kostnaðarverði í stað framreiknaðs kostnarverðs og ekki eru lengur færðar reiknaðar tekjur vegna verðlagsbreytinga í rekstrarreikning félagsins. Áhrif þessa á rekstrar- og efnahagsreikning félagsins eru þau að niðurstaða rekstrarins er ekki á meðalverðlagi ársins og framangreindar eignir eru ekki færðar á verðlagi í lok árs eins og áður var. Ef beitt hefði verið sömu reikningsskilaaðferð og á fyrra ári hefði tap ársins orðið um 3,2 millj. kr lægra og eigið fé félagsins um 6,5 millj. kr. hærra.

Í samræmi við alþjóðlegar reglur er samanburðarfjárhæðum í reikningnum ekki breytt. Bókfært verð óefnislegra eigna, rekstrarfjármuna og eignarhluta í öðrum félögum í árslok 2002 er talið kostnaðarverð þeirra eigna. Við samanburð á rekstrarniðurstöðu milli ára þarf fyrst og fremst að líta á áhrif af reiknuðum tekjum vegna verðlagsbreytinga. Áhrif breytinganna á aðra liði svo sem afskriftir og hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga eru minni og hafa ekki afgerandi áhrif á samanburðinn.

Starfsmannamál

13. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2003	2002
Laun	84.446.238	86.305.007
Launatengd gjöld	14.955.718	14.061.031
	<hr/>	<hr/>
	99.401.956	100.366.038
	<hr/>	<hr/>
Starfsmenn í árslok	19	20

Skýringar frh.:

14. Launagreiðslur til stjórnenda félagsins vegna starfa fyrir félög í samstæðunni, kaupréttarsamningar þeirra og eignarhlutir greinast þannig:

	Laun og hlunnindi	Kaupréttir	Eignarhlutir í árslok
Birgir Karl Knútsson, framkvæmdastjóri	5.738.902	2.777.775	1.366.950
Arnar Jónsson, framkvæmdastjóri dótturfélagsins Fiskey ehf.....	7.756.280	5.777.775	
Jón Hallur Pétursson, stjórnarformaður	600.000		596.937
Fjórir aðrir stjórnarmenn	1.200.000		

Kaupréttarsamningar framkvæmdastjóra félagsins sem miðast við gengið 1,00 til 1,08 voru gerðir á árinu 2003 og eru innleysanlegir á árunum 2004 til 2008.

Með eignarhlutum framangreindra aðila eru taldir eignarhlutir sem eru í eigu maka þeirra, ófjárráða barna og félaga sem þeir ráða ef um er að ræða.

Þóknun endurskoðenda

15. Þóknun til endurskoðenda félagsins sundurliðast þannig:

Endurskoðun ársreiknings	693.875
Könnun árs hlutareiknings	244.850
Önnur þjónusta	630.475
Samtals	1.569.200

Óefnislegar eignir

16. Nýtingarréttur greinist þannig:

Nýtingarréttur í ársbyrjun	50.000.000
Gjaldfært á árinu	(6.000.000)
Nýtingarréttur í árslok	44.000.000
Afskriftahlutföll	10-20%

Varanlegir rekstrarfjármunir

17. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Mannvirki	Vélar, tæki og áhöld	Bifreiðar og farartæki	Samtals
Heildarverð 1.1.2003	154.853.403	213.583.938	13.002.454	381.439.795
Afskrifað samtals 1.1.2003	(46.270.927)	(100.670.981)	(9.094.707)	(156.036.615)
Bókfært verð 1.1.2003	108.582.476	112.912.957	3.907.747	225.403.180
Viðbót á árinu	12.431.894	34.188.230	0	46.620.124
Afskrifað á árinu	(5.018.559)	(22.348.429)	(1.722.203)	(29.089.191)
Bókfært verð 31.12.2003	115.995.811	124.752.758	2.185.544	242.934.113
Afskriftahlutföll	3%	11-33%	6-15%	

Brunabótamat fasteigna í árslok 2003 var 257,2 millj. kr. Fasteignamat mannvirkja var á sama tíma 70,5 millj. kr. og fasteignamat leigulóða 4,7 millj. kr. Lausafé er brunatryggt fyrir 242,6 millj. kr. í árslok 2003.

Skýringar frh.:

18. Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi greinast þannig:

Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 17	29.089.191
Gjaldfærsla ófnislegra eigna, sbr. skýringu 16	6.000.000
Afskriftir samkvæmt rekstrarreikningi	<u>35.089.191</u>

Veðsetningar og ábyrgðarskuldbindingar

19. Á eignir félagsins er þinglýst tryggingarbréfum vegna langtímaskulda þess að fjárhæð 116,9 millj. kr. í árslok 2003. Auk þess hvílir allsherjarveð á birgðum dótturfélagsins að fjárhæð 155,6 millj. kr.
20. Í árslok 1999 gerði Scotian Halibut Ltd. samning við þriðja aðila um lántöku að fjárhæð CAD 2.000.000. Lánið er tvískipt, annars vegar með lokagjalddaga 1. janúar 2012 og hins vegar 2. ágúst 2014. Hluthafar í Scotian Halibut Ltd. samþykktu lántökuna og ábyrgjast óskipt greiðslu afborgana og vaxta af láninu til 1. júlí 2004 annars vegar og 1. október 2004 hins vegar. Einnig ábyrgjast hluthafarnir óskipt í þrjú ár eftir síðustu útborgun lánsins, þ.e. til 1. júlí árið 2004 og 1. júlí 2005, að útvega Scotian Halibut Ltd. fjármagn ef fjárfestingar í fastafjármunum félagsins verða umfram áætlanir. Auk þess hefur félagið samþykkt að skuldbindingar Scotian Halibut Ltd. við hluthafa þess vegna lána, arðs og annara greiðslna viki fyrir láni að fjárhæð CAD 750.00 sem Scotian Halibut Ltd. hefur tekið.

Áhættufé í öðrum félögum

21. Félagið átti eignarhlut í einu dótturfélagi í lok árs 2003, Fiskeldi Eyjafjarðar ehf. og var það alfarið í eigu félagsins. Tap af rekstri dótturfélagsins nam 65,1 millj. kr á árinu.
22. Félagið átti í lok árs 50% eignarhlut í Scotian Halibut Ltd. í Kanada. Hlutdeild félagsins í tapi Scotian Halibut Ltd. nam 52,3 millj. kr á árinu en auk þess var eignarhlutur í félaginu færður niður um 70,0 millj. kr. vegna erfiðrar stöðu félagsins. Í lok árs nam bókfært verð eignarhlutans 41,3 millj. kr., að teknu tilliti til niðurfærslu hans. Þá fjárfesti félagið í 25% eignarhlut í IceCod á Íslandi ehf. og nam kaupverð eignarhlutans 0,1 millj. kr.

Langtímakröfur

23. Félagið hefur lánað hlutdeildarfélaginu Scotian Halibut Ltd. í Kanada CAD 1.952.402 eða 106,8 millj. kr. Félagið hefur skuldbundið sig til að innheimta ekki kröfuna á meðan það er í ábyrgðum vegna lána Scotian Halibut Ltd., samanber skýringu 19. Vegna erfiðrar stöðu félagsins Scotian Halibut Ltd. er krafan færð niður um 30,0 millj. kr. í ársreikningi og er niðurfærslan færð undir liðinn áhrif hlutdeildarfélaga í rekstrarreikningi.

Eigið fé

24. Hlutfé félagsins nam 845,4 millj. kr. í árslok 2003 og var aukið um 317,9 millj. kr. á árinu með sölu nýrra hluta. Þá keypti félagið eigin bréf að nafnverði 2,7 millj. kr. á árinu. Stjórn félagsins hefur heimild til aukningar hlutfjár í allt að 1.300,0 millj. kr. samkvæmt samþykktum hluthafafundar félagsins 28. febrúar 2002. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Skýringar frh.:

25. Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutafé	Yfirverðs reikningur	Endurmats- reikningur	Ójafnað tap	Samtals
Yfirfært frá fyrra ári	530.166.945	0	108.265.515	(363.655.812)	274.776.648
Endurmatsreikningur millifærður			(108.265.515)	108.265.515	0
Eigið fé 1.1.2003	530.166.945	0	0	(255.390.297)	274.776.648
Selt hlutafé	317.874.273	5.845.765			323.720.038
Keypt eigin bréf	(2.683.681)	46.500			(2.637.181)
Endurmat eignarhluta			11.763.597		11.763.597
Endurmatsreikningur millifærður			(11.763.597)	11.763.597	
Yfirverðsreikningur millifærður		(5.892.265)		5.892.265	
Tap ársins				(167.310.491)	(167.310.491)
	<u>845.357.537</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(405.044.926)</u>	<u>440.312.611</u>

Kaupréttarsamningar

26. Félagið hefur gert kaupréttarsamninga við starfsmenn um hluti í félaginu. Samkvæmt samningunum hefur félagið skuldbundið sig til að selja þeim hlutabréf í félaginu, samtals að fjárhæð 33,5 millj. kr. að nafnverði, eða sem nemur 4,0% af heildarhlutafé félagsins í árslok 2003. Söluverð bréfanna nemur 35,9 millj. kr. og stendur kauprétturinn til ársins 2009. Kaupréttur vegna hlutabréfanna ávinnst hlutfallslega á árunum 2004 - 2009. Á aðalfundi félagsins 30. apríl 2003 var samþykkt að veita stjórn félagsins heimild til að ráðstafa allt að 5% af heildarhlutafé félagsins eins og það er á hverjum tíma til að mæta kaupréttarsamningum félagsins. Heimildin gildir til apríl árið 2009.

Langtímaskuldir

27. Yfirlit um langtímaskuldir:

Lán í innlendum gjaldmiðlum:	
Óverðtryggt lán	1.912.015
Lán í erlendum gjaldmiðlum:	
Skuldir í USD	36.109.606
Skuldir í EUR	42.560.943
Skuldir í GBP	31.846.128
Skuldir í JPY	7.920.632
Skuldir í CAD	49.133.634
Skuldir í NOK	9.247.520
	<u>176.818.463</u>
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir	178.730.478
Næsta árs afborganir	(31.451.377)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals	<u>147.279.101</u>

Skýringar frh.:

28. Afborganir af langtímaskuldum í árslok 2003 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2004	31.451.377
Árið 2005	29.418.576
Árið 2006	29.418.576
Árið 2007	29.418.576
Árið 2008	29.418.576
Síðar	29.604.797
	<hr/>
	178.730.478

Skattamál

29. Ójafnað skattalegt tap í árslok 2003 sem heimilt er að flytja áfram samkvæmt skattalögum nemur 76,4 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því það myndast fellur niður. Reiknuð skattinneign vegna þessa nemur 13,8 millj. kr. en vegna óvissu um nýtingu hennar er hún ekki færð í ársreikninginn.